

Nefndarsvið Alþingis
bt. Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2020

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:


Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá) 82. mál

(Lagt fyrir Alþingi á 150. löggjafarþingi 2019–2020)

Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Blaðamannafélag Íslands styður eindregið aukið aðgengi að upplýsingum um efnahags- og atvinnulíf og telur það tvímælalaust til þess fallið að auka gagnsæi og aðhald í íslensku samfélagi. Sjálfsagt er að upplýsingar af þessu tagi séu aðgengilegar sem víðast fyrir almenning og fjölmiðla án mögulegra aðgangshindrana eins og gjaldtöku.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BÍ



Hjálmar Jónsson, formaður